

Miðstýring á fiskverði er tímaskekkja

Almenningsálit

Frá því fiskmarkaðir á Íslandi hófu starfsemi fyrir um 25 árum hafa æ fleiri orðið þeirrar skoðunar að fiskur skuli seldur hæstbjóðanda hverju sinni. Það þýðir með öðrum orðum að samkeppni og markaðsverð skuli gilda um sölu á hráefni til fiskvinnslu en ekki tilbúið verð sem matreitt er á einhverri skrifstofu, nú kölluð Verðlagsstofa skiptaverðs. Þessari skoðun vex mjög ásmegin meðal almennings og er svo komið að oft eru greinar í blöðum og tímaritum þar sem fólk ótengt hagsmunum sem af hljótast lýsa henni og styðja. Þessar greinar eru sérstaklega athyglisverðar þar sem um er að ræða fólk utan stéttarinnar. Vil ég af því til efni nefna vel skrifaða grein sem birtist í Fréttablaðinu þann 12. júní sl. eftir þá Andra Sigurðsson vefhönnuð og Jón Þór Ólafsson viðskiptafræðinema sem ber yfirskriftina „Þjóðfundur 2012 um stjórn fiskveiða“ en þar segir í inngangi: „... það er engin sátt um stjórn fiskveiða á Íslandi. Sjómenn fá ekki sinn rétta hlut því fiskur er seldur á undirverði til félaga tengdum útgerðum.“ Þetta er inntakið í mörgum greinum sem hafa verið skrifaðar síðustu mánuði. Einnig vekur það furðu að þeir sjómenn sem hafa skrifað í blöð skuli ekki láta meira til sín taka hvað þetta varðar þar sem fátt snertir þeirra hagsmuni jafn mikið, að mínu mati mun meira en niðurfelling sjómannaafsláttar og ýmis önnur mál sem þeir hafa þó skrifað um og barist fyrir. Vonandi mun úr þessu rætast.

Stjórnvöld

Ekkert tillit virðist vera tekið til þessarar kröfu af hálfu stjórnvalda í því frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi þótt það sé skylda stjórnmalamanna. Samt er ljóst að nú þegar eru allnokkrir þingmenn úr ýmsum flokkum þessari breytingu fylgjandi og hafa sýnt þessari kröfu mikinn skilning. Þeim hefur hins vegar ekki tekist að koma þessu inn í frumvarpið. Maður veltir fyrir sér hvaða forsendur og rök séu fyrir því að mikill hluti þingmanna skuli ennþá ekki fallast á þessa eðlilegu kröfu. Hvað sjá þeir neikvætt við það ef af yrði? Er einhver hættu á ferðum við að setja reglur sem leiða til þess að fiskur verði ávallt seldur hæstbjóðanda og útgerð og sjómenn fái rétt verð fyrir sameiginlegan afla sinn? Það er skylda útgerðarmanna og yfirmanna skipa að leita hæsta verðs fyrir afla þeirra. Eins og staðan er nú er líklegt að meðal þingmanna sé ekki meirihluti fyrir þessum breytingum og það hvarflar að manni að þeir séu ekki með nógu djúpan skilning á þessari atvinnugrein til



Albert Svavarsson.



Er einhver hættu á ferðum við að setja reglur sem leiða til þess að fiskur verði ávallt seldur hæstbjóðanda og útgerð og sjómenn fái rétt verð fyrir sameiginlegan afla sinn?

að sjá þær jákvæðu afleiðingar sem af hlytust. Nefni ég til sam- anburðar það framfaraskref í íslenskum sjávarútvegi þegar einokun var létt af sölu afurða frá Íslandi. Fyrir því hafði lengi verið barist gegn mikilli andstöðu meirihluta þingheims en við þá breytingu leystist úr læðingi mikill kraftur og varð það til mikils ávinnings fyrir sjávarútveginn og sölu á afurðum. Það sama yrði um þessa breytingu.

Samkeppniseftirlit

Í framhaldi af kærri SFÚ hefur Samkeppniseftirlitið að undanförunu haft þau mál til skoð-

unar sem hér að framan er lýst, reyndar í meira en ár. Þaðan hafa ekki borist neinar niðurstöður þrátt fyrir að þar á bæ hafi mönnum fundist þeir verða að senda frá sér fréttatilkynningu þann 29. mars sl. þar sem kom fram að eftirlitið „... hafði farið yfir málefnið og muni á næstunni taka afstöðu til erindisins.“ eins og segir orðrétt í tilkynningunni. Þar sem nú eru tæpir þrjú mánuðir liðnir frá þessum tímupunkti þá hlýtur að vera mjög stutt í niðurstöðu nema eftirlitið leggi allt annan skilning í „á næstunni“ en allflestir. Það er þörf á að í svo brýnu máli sé úrskurðað en því ekki slegið á frest endalaust. Það er skömm að því að bera við skorti á tíma og fjármunum til að fresta niðurstöðu í kærinni.

Sanngirni

Þessu sanngirnimáli hefur enginn fylgt betur eftir en SFÚ, samtök okkar fiskverkenda sem byggjum hráefnisöflun á framboði á fiskmörkuðum og markaðsforsendum. Vekur það athygli vegna þeirra hagsmuna sem þarna eru á ferðinni að ekki skuli vera breiðari fylking um að koma þessu á og nefni ég þar sjómenn, sjómannaamtök, fiskmarkaði, útgerðarmenn, sveitarfélög, hafnir og fleiri. Hví eru raddir þessara hagsmunaaðila ekki sterkari? Hvað heldur aftur af sjómönnum og sjómannaamtökum? Það er hagsmunamál fyrir alla þessa aðila að fá þessa breytingu í gegn. Ég skora hér með á þá duglegu og kjörkuðu sjómenn sem við Íslendingar eigum allt í kringum landið að koma til liðs við SFÚ í að sannfæra alþingismenn þjóðar okkar um að það verði heillaspor að fiskur verði seldur hæstbjóðanda hverju sinni. Þeir munu uppskera vel sem og þau sveitarfélög sem þeir eiga lögheimili í náiast þetta í gegn!

Höfundur er framkvæmdastjóri Ísfrisks ehf. í Kópavogi.



Æ fleiri eru þeirrar skoðunar að samkeppni og markaðsverð skuli gilda um sölu á hráefni til fiskvinnslu en ekki tilbúið verð sem matreitt er á einhverri skrifstofu, nú kölluð Verðlagsstofa skiptaverðs.

Neytendakönnun í Noregi

Hversu gamall má „ferskur“ fiskur eiginlega vera?

Í augun almennra neytenda virðist það alls ekki vera á hreinu hvenær neyslufiskur er orðinn of gamall til að kaupa hann. Norska rannsóknastofnunin Nofima gerði könnun meðal 400 neytenda í stórverslunum á því hversu gamlan ófrystan fisk þeir væru tilbúnir að kaupa í matinn. Könnunin leiddi í ljós að aðeins 15% svarenda vildu kaupa fisk sem væri meira en fjögurra daga

gamall. Stöðan var kaupendum boðið að bragða á matreiddum þorskstykki frá sex mismunandi veididögum. Þá kom í ljós að meirihluti svarenda fannst fiskur allt upp í 13 daga gamall vera svo góður að sjálfsagt væri að kaupa hann í matinn. Og 30% svarenda voru tilbúnir að kaupa fisk sem var orðinn 15 daga gamall en eftir það sögðu flestir pass.

PELTOR

HEYRNARHLÍFAR
með FM útvarpi.

DYNNJANDI
allt fyrir öryggið

SKEIFAN 3 REYKJAVÍK Sími 568 5080 FAX 568 0470

Þekking og reynsla í þjónustu og ráðgjöf fyrir matvælaíðnaðinn



Umbúðir fyrir sjávarútveginn



Bæjarflöt 4,
112 Reykjavík

www.frjo.is
frjo@frjo.is

Sími 567 7860
Fax 567 7863

WESMAR

HD825 DIGITAL HÁTÍÐNISÓNAR

- ★ Langdrægur leitarsónar með mikla aðgreiningu.
- ★ Hefur reynst frábærlega hérlendis við makrilleit.
- ★ Hægt að nota sem veltuleiðréttan dýptarmæli.
- ★ Fáanlegur með rafmagns- eða glussaflhibúnaði.
- ★ Einfaldur að vinna á, íslenskar valmyndir.
- ★ Mikil gæði, hagstætt verð.

FRÁBÆR VIÐ MAKRILLEIT!

SÓNAR
SALA OG ÞJÓNUSTA
Á SIGLINGATÉKJUM

Sónar ehf. · Hvalryrabraut 2 · 220 Hafnarfjörður
Sími 512 8500 · sonar@sonar.is · www.sonar.is

Sjómenn, munið að senda myndir!



gudjon@fiskifrattir.is